

VINNUNNAR

Tímarit Alþýðusambands Íslands. AUKAÚTGÁFA 9. tbl. 11. nóv. 1993. 43. árgangur.



„Við vorum ekki að gera kjarasamninga“

–segir Benedikt Davíðsson, forseti Alþýðusambands Íslands í leiðara í þessari aukaútgáfu Vinnunnar er gerð ítarleg grein fyrir ástæðum þess að Alþýðusamband Íslands ákvað að segja ekki upp kjarasamningunum frá í vor. Einnig er farið ofan í saumana á hugmyndum ríkisstjórnarinnar og atvinnurekenda um svonefnda B-leið og færð fram rök fyrir því að hún kom ekki til álit.

VINNAN

Útgefandi:

Alþýðusamband Íslands

Ritnefnd

Lára V. Júlíusdóttir

Hallór Grönvold

Snorri S. Konráðsson

Ritstjóri:

Porgnýr Gestsson

Ljósma:

Róbert G. Ágústsson

Útlit:

Sævar Guðbjörnsson

Prófaralestur:

Hildur Finnsdóttir

Afgreiðsla:

Grensásvegi 16A,

108 Reykjavík

Sími: 91-813044

Fax: 680093

Auglýsingar:

Áslaug G. Nielsen og

Guðmundur Jóhannesson

Símar: 641895/641816, fax:

641525

Umbrot:

Blaðasmiðjan

Filmuvinnsla og prentun:

Friðs fjölmiðun

Alþýðusamband Íslands:

Benedikt Davíðsson

forseti,

Lára V. Júlíusdóttir

lögfræðingur ASÍ og

framkvæmdastjóri,

Hallór Grönvold

skrifstofustjóri,

Bryndís Hlédversdóttir

lögfræðingur,

Ari Skúlason, Guðmundur Gylfi

Guðmundsson og Gylfi Arn-

björnsson hagræðingar, Bolli

B. Thoroddsen og Sigurður Sig-

urðsson hagræðingar, Ingibjörg

Haraldsdóttir gjaldkeri, Sif Ól-

afsóttir, Helga Dagný

Árnadóttir og Aníta Pálsdóttir

fulltrúar.

Meningar- og

fræðslusamband alþýðu:

Snorri S. Konráðsson fram-

kvæmdastjóri, Ingibjörg Elsa

Guðmundsdóttir, Ásmundur

Hilmarsson og Finnbjörn A.

Hermannsson fræðslufulltrúar,

Bergþóra Ingvólfsdóttir gjaldkeri.

Listasafn

Alþýðusambandsins:

Ólafur Jónsson forstöðumaður,

Gísli Þór Sigurðsson umsjónar-


maður.

Tómstundaskólinn:

Þráinn Hallgrímsson skólastjóri,

Sigríður Einarisdóttir

ritari.



Leiðari

Vorum ekki að gera kjarasamninga

Mikill misskilningur hefur verið spunninn upp um verksvið launanevndar ASÍ og atvinnurekenda. Verkefni launanevndarinnar var ekki að gera nýjan kjarasamning. Kjarasamningar voru í gildi og því var verkefnið að meta hvort ástæða væri til þess að segja þeim upp, miðað við umsamdar og yfirlýstar forsendur þeirra. Miðstjórn Alþýðusambandsins og þing einstakra lands- og svæðasambanda höfðu metið það svo að í framlögðum fjárlagatillögum ríkisstjórnarinnar vegna ársins 1994 væri í ýmsum atriðum vikið frá umsömdum forsendum og ef ekki yrði verulegar breytingar þar á ætti að nýta uppsagnarheimild samninganna. Á fundi launanevndar með formönnum ríkisstjórnarflokkanna þann 14. október s.l. var þessum sjónarmiðum komið á framfæri og gerð athugasemd við aðgerðaleyfi í vaxtamálum, skerðingu framlaga til framkvæmda og viðhaldsverkefna og tekjuöflunar vegna lækkunar matarskattsins. Í beinu framhaldi af þessum fundi hóf ríkisstjórnin undirbúning að því að ná niður vöxtum í

samræmi við yfirlýsingu aðila vinnumarkaðarins frá s.l. vori.

Samskipti launanevndar við ríkisstjórn og embættismenn hennar á undanförunum dögum og vikum hafa á sama hátt öll snúist um það hvort ríkisstjórnin hygðist standa við þau fyrirheit sem hún gaf við gerð kjarasamninga s.l. vor.

Formlegt svar barst ekki frá ríkisstjórninni fyrr en síðdegis þann 5. nóvember s.l. og mat launanevnd ASÍ og atvinnurekenda það svo að ef við þessa yfirlýsingu yrði staðið, ásamt aðgerðum ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum frá 29. október, væru ekki forsendur til þess að segja upp samningum. Þessi niðurstaða er háð því að aðgerðir samkvæmt þessum yfirlýsingum gangi eftir.

Aðrar leiðir komu því ekki til álita þar sem samningar eru í gildi. Það er mat okkar að hugmyndir atvinnurekenda og ríkisstjórnar um svonefnda B-leið sé lakari kostur fyrir launafólk, atvinnulausa og elli- og örorkulífeyrisþega en gildandi kjarasamningar.

Benedikt Davíðsson, forseti ASÍ

Kjarasamningum stefnt í tvísýnu

Markmið kjarasamninganna frá því í vor var að verja kjör þeirra tekjulægstu og skapa skilyrði fyrir nýrri sókn í atvinnumálum.

Kjör þeirra tekjulægstu voru tryggð með eingreiðslum til allra, lækkun matvöruverðs, minnkandi verðbólgu og stöðugleika í efnahagslífinu.

Skilyrði fyrir sókn í atvinnumálum voru sköpuð með mótun atvinnustefnu, aðgerðum gegn bráðavanda, verulegri og varanlegri lækkun raunvaxta og bættri samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu og þjónustu.

Til að tryggja framgang þessara markmiða voru samningarnir byggðir á tilteknum forsendum um starfsskilyrði atvinnulífsins og atbeina ríkisstjórnarinnar í vaxta-, atvinnu- og skattamálum. Verkefni launanevndar ASÍ og atvinnurek-

enda var að meta þessar forsendur og hugsanleg tilefni til uppsagnar. Jafnframt lá sú skylda á samningsaðilum að treysta markmið samningsins eins og kostur væri.


Með fjárlagafrumvarpinu stefndi ríkisstjórnin þessum markmiðum í mikla tvísýnu. Eftir að launanevnd hafði gert formönnum stjórnarflokka grein fyrir því að kjarasamningum yrði sagt upp, yrði ekki verulegar breytingar á fyrirætlanum ríkisstjórnarinnar. Féllst hún á að standa við fyrirheit sín frá því s.l. vor. Með því var að nýju lagður sá grundvöllur sem tryggir markmið samninganna.

Á næstu mánuðum verður megin verkefni aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar að tryggja að tilætlaður árangur náist í kjara-, verðlags- og atvinnumálum.

Afkoma sjávarútvegs hefur batnað

Meðal forsendna samninganna var að verðlag sjávarafurða í íslenskum krónum myndi hækka um 3% frá 1. ársfjórðungi 1993 til 3. ársfjórðungs 1993, og skyldi miða við verðvísitölu sjávarafurða sem Þjóðhagsstofnun sendir frá sér reglulega. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun hefur verðlag sjávarafurða hækkað um þetta hlutfall á umræddu tímabili, þannig að ekki reynir á þessa forsendu samningsins.

Jafnframt var við það miðað í forsendum samningsins að úthlutaðir aflakvótar á fiskveiðiárinu 1993-94 yrði ekki minni en á síðasta fiskveiðiári. Ef miðað er við þá kvótaúthlutun sem sjávarútvegsráðherra gaf út í ágúst s.l. þá er það áætlað að aflaverðmæti á föstu verðlagi dragist saman um 11,5% á þessu fiskveiðiári m.v. það síðasta. Á móti þessu vega hins vegar verulega auknar veiðar á fjarlægari miðum, þorskur úr Smugunni, rækja úr Flæmska hattinum, úthafskarfi suðvestur af landinu



og stórauknar landanir rússneskra togara, þannig að samdráttur sjávarvöruframleiðslunnar verður minni, eða um 5-7%.

Þetta tvennt hefur leitt til þess að afkoma sjávarútvegs er mun hagstæðari nú en þegar gengið var frá kjarasamningum s.l. vor. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun var talið að sjávarútvegur

hefði verið rekinn með 8,3% halla í mars s.l. en er nú rekinn með 2% halla. Því má fullyrða að greinin standi ekki lengur frammi fyrir almennum afkomubresti eins og s.l. vor. Sjávarútvegur á þó áfram við ýmis skipulagsvandamál að stríða sem greinin verður að takast á við.


Yfirlýsing ríkisstjórnar

Þegar fjárlög voru lögð fram í byrjun október þótti sýnt að ríkisstjórn hygðist ekki standa við ýmis atriði í yfirlýsingu sinni frá því í maí s.l. Á fundi launanevndar ASÍ og atvinnurekenda með formönnum ríkisstjórnarflokkanna 14. október s.l. voru þrjú atriði sérstaklega tilgreind:

- Aðgerðaleysi í vaxtamálum
- Framlög til framkvæmda á vegum ríkisins
- Tilhögun fjármögnunar á lækun vsk. af matvælum

Það var almenn skoðun innan verkalýðshreyfingarinnar að þessi atriði væru það alvarlegt frávik frá forsendum kjarasamninganna að beita ætti uppsagnarheimild kjarasamninganna ef ríkisstjórnin breytti ekki áformum sínum.

Formlegt svar frá ríkisstjórninni barst ekki til launanevndar fyrr en 5. nóvember s.l., eftir að fram höfðu farið óformlegir fundir með embættismönnum ríkisstjórnarinnar.



Aðgerðir í vaxtamálum: Í samræmi við tillögur verkalýðshreyfingarinnar

Að kröfu launanevndar ASÍ og atvinnurekenda ákvað ríkisstjórnin að beita sér af hörku við að lækka raunvexti á ríkisverðbréfum um í það minnsta 2%. Þessar aðgerðir voru kynntar þann 29. október og eru í fullu samræmi við þær tillögur og áherslur sem settar voru fram í kjarasamningnum í maí.

Áhrif þessara aðgerða á vaxtastigið hafa þegar orðið umtalsverð. Ávöxtunarkrafa ríkisverðbréfa á Verðbréfaþingi Íslands hefur lækkað stig af stigi frá því að aðgerðirnar voru kynntar og hefur nú fallið um 2%. Þá hefur Seðlabankinn komið til móts við óskir viðskiptabankanna sem leitt hefur til þess að bankarnir tilkynntu 2% raunvaxtalækun frá og með 11. nóvember. Jafnframt lækka nafnvextir vegna

hjöðnunar verðbólgunnar. Gera má ráð fyrir að svigrúm verði til enn frekari vaxtalækkana síðar.

Það er enginn vafi á því að þessi vaxtalækkun hefur gífurleg áhrif á hag heimila, fyrirtækja og hins opinbera. Í meðfylgjandi töflu sést hvaða áhrif 2% raunvaxtalækkun hefur bæði til skemmri og lengri tíma. Vaxtaútgjöld heimilanna munu minnka um 1,7 milljarða kr. til að byrja með og til lengri tíma litið um allt að 5,1 mia. kr. Hjá fyrirtækjunum mun vaxtalækkunin bæta afkomuna um 2,6 mia. kr. og þar af um 500 millj. kr. hjá sjávarútveginum. Afkoma ríkissjóðs mun batna um 500 millj. kr. á þessu ári og 1,7 mia. kr. á næsta ári.

	Skammtímaáhrif mía. kr.	Langtímaáhrif mía. kr.
Heimili	1,7	5,1
Fyrirtæki	2,6	2,6
Ríkissjóður	0,5	1,7
Sveitarfélög	0,3	0,3
Samtals	5,1	9,7

Heimild: Viðskiptaráðuneytið

Þessi mikla raunvaxtalækkun mun gjörbreyta greiðslustöðu bæði heimila og fyrirtækja og skapa skilyrði fyrir nýja sókn í atvinnumálum þegar fram í sækir.

Í yfirlýsingu launanevndar ASÍ og atvinnurekenda frá 6. nóvember er bent á að ákaflega mikilvægt sé að nýta það sóknarfæri sem gefst nú vegna lækkandi vaxta. Aðilar lögðu fram fjölmargar tillögur um aðgerðir í atvinnumálum s.l. vor og í 4. gr. yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 21. maí er heitið samstarfi við samtök launafólks og atvinnurekenda um framgang þessara tillagna. Þetta starf er skammt á veg komið og er brýnt að því verði hraðað þannig að þessi þáttur samninganna komi til framkvæmda á næstunni.

Fullyrt er...

Sóðning mun hækka um 8% vegna lækkunar vsk. af matvælum

Skv. reglugerð um endurgreiðslu vsk. af fiski ætti þessi endurgreiðsla að jafngilda því að fiskur sé í 14% þrepi. Vegna ýmissa atriða hefur reyndin hins vegar orðið sú að fiskur hefur verið niðurgeiddur meira en sem þessu nemur. Það er engin ástæða til þess að breyta þessu þótt vsk. sé formlega lækkaður úr 24,5% í 14% af matvælum. Ef ákvörðun fjármálaráðuneytis yrði sú að breyta þessu nú væri því verið að koma aftan að launafólki.

Framlög til verklegra framkvæmda

Við gerð kjarasamninganna 21. maí s.l. lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún myndi leggja fram 2 mia. kr. í auknar verklegar framkvæmdir til viðbótar því sem þegar hafði verið ákveðið. Samkvæmt þessu ættu nýframkvæmdir og viðhald á vegum ríkissjóðs á árunum 1993 og 1994 að aukast samtals um 5 mia. kr. frá meðaltali síðustu ára. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994 skorti verulega á að við þessa yfirlýsingu yrði staðið, eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti.

Samantölur á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og fjárlagafrumvarpi 1994

	Viðmiðun	1993	1994	Samtals umfram viðmiðun
Yfirlýsing ríkisstjórnar	14.000	17.000	16.000	5.000
Fjárlagafrumvarp 1994	14.000	16.445	14.732	3.177
Frávik		-555	-1.268	-1.823

Tæpar 600 millj. kr. vantaði á að staðið væri við yfirlýsinguna vegna ársins 1993 og rúmár 1.200 millj. kr. vegna ársins 1994, eða samtals rúmlega 1.800 millj. kr.

Í bréfi ríkisstjórnarinnar frá 5. nóvember kemur fram hvernig hún hyggst standa við þau fyrirheit sem gefin voru við gerð kjarasamninganna s.l. vor.

Þær 600 millj. kr. sem á vantar vegna ársins 1993 eru framkvæmdir sem þegar eru hafnar, en greiðsla mun ekki falla fyrir en á árinu 1994. Þessar greiðslur eru því ekki meðtaldar í fjárlagafrumvarpi vegna næsta árs en munu koma fram í fjárlagafrumvarpi.

Tekjur og útgjöld vegna vegagerðar munu hækka um 250-300 millj. kr. frá því sem fram kemur í fjárlagafrumvarpi.

Ríkisstjórnin hefur komið verulega til móts við óskir framkvæmdaáðila vegna gerðar jarðganga undir Hvalfjörð. Þótt enn sé margt óljóst um niðurstöður tæknilegra rannsóknna telja forsvarsmenn Spalar hf. verulegar líkur á því að framkvæmdir geti vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar hafist á næsta ári og geti numið allt að 500 millj. kr.

Sveitarfélögin munu eins og á yfirstandandi ári leggja fram 500 millj. kr. til atvinnuleysistryngingarsjóðs vegna átaksverkefna á næsta ári. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að sjóðurinn leggi sömu upphæð á móti og því ættu 1.000 millj. kr. að vera til ráðstöfunar til slíkra átaksverkefna.

Sú mikla vaxtalækkun sem orðið hefur á fjármagnsmarkaðinum mun ennfremur ýta undir fjárfestingar fyrirtækja og heimila, þannig að heildarframkvæmdir á næsta ári verða meiri en ella hefði orðið.

Það var því mat launanevndar ASÍ og at-

vinnurekenda ásamt fulltrúum í stóru samninganefnd ASÍ að m.v. að þessar aðgerðir kæmu til framkvæmda væri með viðunandi hætti staðið við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því 21. maí s.l.

Fullyrt er...

Verkalýðshreyfingin er að veikja samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu

Á undanförunum árum hefur ríkisstjórnin stöðugt verið að skerða niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum og fyrir liggur sú stefnumörkun af hálfu stjórnarinnar að draga beri úr niðurgreiðslum á næstu árum. Eins og fram hefur komið í fjölmörgum undanfarnar vikur er utanríkisráðherra þar í broddi fylkingar. Lækkun vsk. af matvælum úr 24,5% í 14% mun því stöðva þessa þróun og þannig verja innlenda matvælaframleiðslu til lengri tíma litið.

Fullyrt er...

40% af lækkun matarskattsins verður stolið undan skatti:

Ef þetta er rétt mat aðstoðarmanns utanríkisráðherra þá er tvennt alveg ljóst. 40% verslunareigenda eru sakaðir um þjófnað og jafnframt er fjármálaráðherra sakaður um algjöra vanhæfni í að hafa stjórn á skattinnheimtunni. Ef þetta er rétt mat hjá aðstoðarmanninum hlýtur Alþingi að þurfa að grípa inn í og tryggja eðlilegan framgang



Tilhögun fjármögnunar á lækkun vsk. af matvælum

Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að til þess að fjármagna tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar vsk. af matvælum úr 24,5% í 14% yrði gripið til eftirfarandi tekjuöflunar:

- 0,35% hækkun á tryggingagjaldi atvinnurekenda, samtals 560 millj. kr.
- 0,5% iðgjald í atvinnuleysistryggingasjóð á öll laun án tillits til skattleysismarkna, samtals 850 millj. kr.
- Útgáfa heilsukorta, 2.000 kr. á alla eldri en 16 ára, samtals 400 millj. kr.
- Skerðing atvinnuleysistryggingabóta um 100 millj. kr.
- Skerðing eingreiðslna hjá elli- og örorkulífeyrisþegum um 200 millj. kr.

Allar þessar tekjuöflunarleiðir, að þeirri fyrstu undanskilinni, ganga þvert á þá grundvallarforsendu af hálfu fulltrúa ASÍ að tekjuöflun ríkissjóðs vegna lækkunar matarskattsins verði ekki mætt með álögum á þá tekjulægstu. Því lagði ASÍ þunga áherslu á að þessum áformum yrði breytt ef komast ætti hjá uppsögn kjarasamninganna.

Í bréfi ríkisstjórnarinnar til launanevndarinnar lýsti hún því yfir að ákveðið væri að hætta við að taka upp 0,5% iðgjald

launafólks í atvinnuleysistryggingasjóð, að fallið yrði frá útgáfu heilsukorta og jafnframt að hætt yrði við skerðingu atvinnuleysisbóta og eingreiðslna til elli- og örorkulífeyrisþega. Þess í stað ákvað ríkisstjórnin að hækka tekjuskatt einstaklinga um 0,35% og hækka bifreiðagjöld og tryggingaiðgjald atvinnurekenda.

Vegna hækkunar tekjuskatts um 0,35% munu skattleysismörk lækka úr 57.840 kr. nú í 57.354 kr. eftir áramótin, eða um 486 krónur. Á fundi stóru samninganevndarinnar lýstu fulltrúar áhyggjum vegna þessarar lækkunar skattleysismarkanna, en hafa verður í huga að samkvæmt fjárlagafrumvarpinu átti að leggja 0,5% iðgjald á öll laun án tillits til skattleysismarkna.

Bifreiðagjald verður hækkað um að meðaltali 35%. Gjöld af stærri bílum mun hækka meira en af minni bílum, þannig að hækkun á venjulegum fjölskyldubíl (1.000-1.200 kg) verður um 21%. Þetta á að skila rúmlega 450 millj. kr. auknum tekjum í ríkissjóð. Þar sem afnema á slysatryggingagjald vegna ökutækja um næstu áramót mun raunaukning kostnaðar vegna reksturs bifreiða lítið hækka og því munu verðlagsáhrif af þessari hækkun verða óveruleg.

Tryggingagjald atvinnurekenda verður hækkað um 0,35%. Gera verður ráð fyrir að verðlagsáhrif þessarar hækkunar verði

svipuð og um launahækkun væri að ræða.

Með þessari útfærslu og í samanburði við það sem fyrir lá í fjárlagafrumvarpinu hefur orðið mikil breyting á því hvernig áhrif af tekjuöflunarfrumvörpum ríkisstjórnarinnar lenda, sérstaklega gagnvart lágtekjufólki.

Fullryrt er...

87% af þeim matvælum sem lækka eru innflutt

Samkvæmt þessari flokkun eru öll matvæli sem krefjast innfluttra hráefna flokkuð sem innflutt vara. Dæmi um þetta eru brauð og kökur, sælgæti, gos, stór hluti niðursuðuiðnaðarinnar o.fl. Mun eðlilegra er að flokka vörur eftir því hver framleiðir hina endanlega neysluvöru, þannig sköpum við störf í landinu. Samkvæmt upplýsingum úr neyslukönnun Hagstofu Íslands, sem liggur til grundvallar framfærsluvísitölunnar, flokkast 80% matvæla sem innlend ef þessi flokkun er notuð.

Lækkun matarskatts - kjarabót hinna tekjulægstu

Verð á matvælum lækkar samtals um 5,5% vegna kjarasamninganna s.l. vor. Hluti af þessari lækkun er þegar kominn fram með niðurgreiðslum á tilteknum kjöt- og mjólkurvörum frá 1. júní s.l. Um næstu áramót verður virðisaukaskattur af matvælum formlega lækkaður úr 24,5% í 14% og í kjölfar þess munu matvæli og drykkjarvörur lækka um 4,5% að meðaltali. Framfærsluvísitalan mun því lækka um 0,8-0,9% í janúar og febrúar n.k. Lækkun framfærsluvísitölunnar er kjarni málsins í þessum kjarasamningum, það að lækka framfærslukostnað heimilanna. Til þess að meta þá kjarabót sem felst í þessari aðgerð verður að líta til

þess hversu miklum hluta teknanna er varið til kaupa á matvælum.

Yfirlit hér á síðunni sýnir áhrif lækkunar matarskattsins á hag barnafjölskyldna. Tekið er mið af hag tekjulægstu fjölskyldnanna (bæði undir og yfir skattleysismörkum), fjölskyldum með meðaltekjur og fjölskyldur með háar tekjur. Þar kemur fram að heildaráhrif lækkunar matarskattsins eru 2,3-2,5% hjá tekjulægri fjölskyldunum, eða um 3.000 kr. á mánuði, 1,8% hjá fjölskyldum með meðaltekjur og 1,2% hjá þeim tekjuhæstu. Eins og fram hefur komið hefur hluti af þessari lækkun þegar komið fram með auknum niðurgreiðslum frá 1. júní s.l. Nú liggur fyrir hvernig ríkisstjórnin áætlað að fjármagna tekjutap vegna þessarar aðgerðar og því er hægt að meta heildaráhrifin á kjör þessara fjölskyldna.

Í töflunni hér að neðan er tillit tekið til hækkunar tekjuskatts um 0,35% um næstu

áramót en verðlags- áhrif af lækkun bifreiðagjalds og tryggingagjalds atvinnurekenda eru tekin með í endurskoðaðri verðbólguþá fyrir næsta ár. Samkvæmt þessu mun staða lágtekjufjölskyldna batna um 1,7-2,2% um næstu áramót, eða um 2.200-2.600 kr. á mánuði, eftir því hvort þær eru undir eða yfir skattleysismörkum. Þegar tillit hefur verið tekið til þess að verðbólga frá upphafi til loka næsta árs er áætluð 0,8% verða endanleg áhrif 0,9-1,4%, eða á bilinu 1.200-1.700 krónur á mánuði. Kaupmáttur fjölskyldna með meðaltekjur mun aukast um 1,1% (2.200 krónur) um áramótin en 0,4% (700 krónur) að teknu tilliti til verðbólgunnar. Hjá hátekjufólki mun hagurinn batna um 0,5% um áramótin (1.300 krónur) en í árslok næsta árs verður kaupmáttur 0,3% lakari (þ.e. lækka um 800 krónur) vegna verðbólgunnar.

Áhrif lækkunar matarskatts á barnafjölskyldur

Viðmiðunartölur	Lágtekjur	Meðaltekj.	Hátekj.
Fjölskyldutekjur á mánuði	100.000 120.000	250.000	403.000
- tekjuskattur	0 -4.000	-56.000	-120.000
+ barnabætur	17.000 17.000	5.000	5.000
Ráðstöfunartekjur	117.000 133.000	199.000	288.000
Heildaráhrif lækkunar vsk.:			
Lækkun útgjalda vegna matarkaupa	2.900 3.000	3.500	3.500
Áhrif vsk. á ráðst.tekjur alls	2,5% 2,3%	1,8%	1,2%
Þegar komið fram v/niðurgreiðslu 1/6 '93	0,3% 0,3%	0,3%	0,3%
Áhrif frá 1. jan. 1994:			
Áhrif á ráðst. vegna lækkunar vsk	2,2% 2,0%	1,5%	0,9%
Tekjuskattur 0,35% m.v. ráðst.tekj.	0,0% -0,3%	-0,4%	-0,4%
Samtals bein áhrif frá 1. jan. 1994	2,2% 1,7%	1,1%	0,5%
Verðbólga des. '93 - des. '94	0,8% 0,8%	0,8%	0,8%
Áhrif umfram almennt verðlag	1,4% 0,9%	0,4%	-0,3%

Stórfelld skattsvik vegna tveggja þrepa vsk.

Alþýðusambandið hefur ítrekað krafist raunhæfra aðgerða til þess að sporna við skattsvikum, en lítið hefur verið að gert. Samkvæmt mati embættismanna í fjármálaráðuneytinu þarf hver starfsmaður sem sinnir framkvæmd og eftirliti með vsk.-kerfinu að anna 430 fyrirtækjum á ári.

Til samanburðar þarf hver starfsmaður í Danmörku og Svíþjóð að anna 230-250 fyrirtækjum og í Bretlandi og Frakklandi um 150-170 fyrirtækjum. Þetta þýðir að ef koma ætti framkvæmd virðisaukaskattkerfisins á svipað stig og á Norðurlöndunum þyrfti að fjölga starfsmönnum um 60 og yfir 100 ef miðað er við Bretland og Frakkland, sem hafa fjölþrepa virðisaukaskattkerfi. Engar ákvarðanir hafa hins vegar verið teknar um að koma þessum málum í viðunandi horf, nema að gert er ráð fyrir að bæta 26 starfsmönnum við vegna lækkunar matarskatts um næstu áramót.

Nú líður ekki svo dagur að háttsettir embættismenn í stjórnkerfinu, m.a. frá ríkisendurskoðun, skattrannsóknastjóri og aðstoðarmaður utanríkisráðherra, komi ekki fram í fjölmiðlum og upplýsi þjóðina um það að framkvæmd innheimtu skatta sé í algjörum molum. Þannig hafa 15 milljarða króna álagðir skattar verið afskrifaðir frá árinu 1988, þrátt fyrir að staðgreiðsla skatta og virðisaukaskattur hafi verið tekin upp á þessu tímabili. Jafnframt er talið að í það minnsta 11 milljarða króna sköttum og gjöldum til hins opinbera sé beinlínis stolið undan á ári hverju. Nú hefur aðstoðarmaður utanríkisráðherra upplýst að gera megi ráð fyrir að um 40% af lækkun matarskattsins verði stolið undan, eða sem nemur 1.000-1.200 milljónum króna árlega.

Við þetta verður ekki lengur unað og mun forysta ASÍ óska eftir fundi með bæði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og ríkisstjórn um þetta mál. Ábyrgð á framkvæmdavaldinu liggur hjá Alþingi og ef ríkisstjórn veldur því ekki að sinna innheimtu skatta verður Alþingi að grípa þar inn í.



Verðbólga og greiðslubyrði lána Stöðugleiki helst

Áætlað er að verðbólga frá des. 1993 til des. 1994 verði 0,8%. Í þessari spá er reiknað með 3,5% erlendri verðbólgu, verðlagsáhrifum af hækkun bifreiðagjalda og tryggingagjalds atvinnurekenda og breytinga vsk. af ferðaþjónustu um næstu áramót. Samkvæmt þessu mun verðlag hækka frá árinu 1993 til 1994 um 2,1% í samanburði við 3,9% hækkun í Evrópu. Þannig mun raungengi íslensku krónunnar lækka um allt að 2% á næsta ári sem styrk-

ir samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs enn frekar frá því sem nú er. Því mun sá stöðugleiki sem að var stefnt með kjarasamningunum vera tryggður út næsta ár.

Vegna lágrar verðbólgu mun lánskjaravísitalan hækka mjög lítið á næsta ári, sem kemur fram í því að greiðslubyrði verðtrygðra lána hækkar einnig mjög lítið. Hér er gert ráð fyrir 0,7% hækkun frá upphafi til loka næsta árs.

Skila verðlækkanir á matvöru sér til neytenda?

Því hefur þrífaldlega verið haldið fram, m.a. af utanríkisráðherra og aðstoðarmanni hans, að verslunin í landinu og framleiðendur muni ekki skila tilætlum verðlækkanum til neytenda um næstu áramót. Þessu vísadi formaður Kaupmannasamtakanna algjörlega á bug í viðtali við morgunútvarp Rásar 2 nýlega. Nú vill svo til að við Íslendingar höfum tvö nýleg dæmi um verðlagsáhrif af sambærilegum skattalækk-

unum. Annars vegar var aðstöðugjald afnumið um síðustu áramót og hins vegar voru niðurgreiðslur á kjöt- og mjólkurvörum auknar frá og með 1. júní s.l. Í báðum þessum tilfellum hafa verslunin og framleiðendur skilað tilætlum áhrifum í gegnum vöruverð til neytenda, það staðfesta allar kannanir. Þetta er í sjálfu sér ekkert undarlegt, ef tekið er mið af þeirri hörðu samkeppni sem nú ríkir á matvöru-

markaðinum, sem aftur er bein afleiðing þess að hér hefur ríkt stöðugleiki í verðlagsmálum á undanförunum árum.

ASÍ mun fylgja þessari breytingu fast eftir í samstafi við BSRB og Neytendasamtökin með víðtækum verðkönnunum. Jafnframt ætlast forysta ASÍ til þess að ríkisstjórnin og embættismenn hennar vinni heilshugar að framkvæmd þessarar breytingar.

B-leiðin

Hugmyndinni um að fallið yrði frá lækkun matarskattsins og reynt að ná sömu kaupmáttaráhrifum með annarri útfærslu var af hálfu launafundar ASÍ og stóru samninga-nefndarinnar svarað með því að gengið hefði verið frá kjarasamningum í maí sl. Verkefni launafundar var í þeim samningum afmarkað við það eitt að meta tilteknar forsendur í samningi og hugsanleg tilefni til uppsagnar. Launafundinn hafði ekki umboð til þess að gera grundvallar breytingar á þeim kjarasamningum sem bornir voru upp og samþykktir á fundum í einstaka verkalýðsfélögum.

Það er óumdeilt að sammingsrétturinn er hjá einstökum verkalýðsfélögum og þannig telur verkalýðshreyfingin að það eigi að vera. Eina leiðin til þess að fara í kjarasamningaviðræður var að segja upp samningunum fyrir 10. nóvember, en samkvæmt sameiginlegu mati allra fulltrúa í launafundinni voru ekki forsendur til slíkrar uppsagnar. Ef komið hefði til slíkra uppsagna samninganna má spyrja hvort þessi hugmynd atvinnurekenda og ríkisstjórnar hefði einnig verið til umræðu.

Ef við gefum okkur að svo hefði verið,

sem þó er alls kostar óvíst, út á hvað gekk þá þessi svokallaða B-leið og hvaða áhrif hefði hún haft á kaupmátt þeirra tekjulægstu? Uppruna þessarar leiðar má rekja til þess að ríkisstjórnin hyggst hækka tryggingagjald atvinnurekenda um 0,35% til að fjármagna hluta af lækkun matarskattsins. Þegar það lá fyrir komu upp vangaveitur um það hvort ekki væri mögulegt að falla frá lækkun matarskattsins ásamt þeim skattahækkunum sem því fylgdi þess í stað myndu atvinnurekendur nota þessi 0,35% til þess að hækka laun með þeim hætti, að lágmarkskjaraákvæði vegna desemberuppbótar yrði hækkað um 2.000 kr. og útfærslu launabóta breytt þannig að miðað yrði við að greiða 60% af því sem vantar á 85 þús. kr. tekjur. Jafnframt var ríkisstjórnin reiðubúin að halda áfram þeim niðurgreiðslum sem auknar voru 1. júní s.l. og verja sem svarar 600 millj. kr. til að hækka persónuafslátt eða lækka tekjuskatt.

Í töflunni hér að neðan hefur hagdeild ASÍ metið áhrif þessarar hugmyndar á kaupmátt ráðstöfunartekna eftir skatt og að teknu tilliti til verðbólgu, þ.e.a.s. hvað eftir hefði orðið í buddunni.

Ef litið er á þann hóp sem er með tekjur undir 85 þús. kr. á mánuði (um 70 þús. kr. að meðaltali) myndu tekjur þeirra fyrir

skatt aukast um 1.134 kr. en aðeins 789 kr. ef tekið er tillit til skatta. Þetta jafngildir því að ráðstöfunartekjur aukist um 1,2%. Hjá þeim sem hafa tekjur yfir 85 þús. kr. á mánuði myndi þessi leið skila um 467 kr. fyrir skatt og 398 kr. eftir skatt, eða um 0,4% m.v. ráðstöfunartekjur. Hefði þessi leið verið valin má ætla að verðbólga frá upphafi til loka næsta árs hefði orðið 2%. Þess vegna hefði kaupmáttur lágtekjufólks lækkað um 0,8% að meðaltali þegar upp hefði verið staðið. Það jafngildir um 550 króna lækkun. Gagnvart þeim sem hafa hærri tekjur en 85 þús. kr. hefði kaupmáttur rýrnað um 1,6% samkvæmt þessari leið B.

Hvor leiðin er hagstæðari?

Í mati á B-leiðinni er miðað við áhrifin á stöðu einstaklinga sem gerir allan samannburð við áhrif lækkunar matarskatts gagnvart fjölskyldum erfiðan. Útilokað er að segja til um það hvernig samsetning tekna hjóna/sambýlisfólks er að þessu leyti en óteljandi samsetningarmöguleikar koma þar til greina. Eðlilegast er þó að bera saman hlutfallsleg áhrif þessara tveggja leiða á mismunandi tekjuhópa, að teknu tilliti til verðbólgunnar. Þetta er gert í meðfylgjandi yfirliti.

Hugmynd atvinnurekenda og ríkisstjórnar - B-leiðin

	50.000	60.000	Meðaltal	80.000	Yfir
			70.000	80.000	85.000
Desemberuppbót	167	167	167	167	167
Launabætur	1.000	833	667	500	
Samtals á mánuði	1.167	1.000	834	667	167
Áhrif á laun fyrir skatt	2,3%	1,7%	1,2%	0,8%	0,2%
Hækkun persónuafsl.	0	300	300	300	300
Samtals krónur eftir skatt	1.167	887	789	691	398
Áhrif á ráðst.tekjur eftir skatt	2,3%	1,5%	1,2%	1,0%	0,4%
Verðbólga des. '93 - des. '94	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%
Hrein kaupmáttaráhrif	0,3%	-0,5%	-0,8%	-1,1%	-1,6%

Samanburður á kjarasamningi og B-leið

	Lágtekjur	Meðaltekjur
Kjarasamningar	+0,9 til +1,4%	+0,4%
B-leið	-0,8%	-1,6%

Eins og fram kemur í þessu yfirliti er verulegur munur á áhrifum þessara tveggja leiða þar sem kjarasamningurinn tryggir hag bæði lágtekjufólks og meðaltekjufólks mun betur en orðið hefði samkvæmt margumræddri B-leið. Þessi leið hefði því undir engum kringumstæðum getað orðið ásættanleg.

B-leiðin – meiri verðbólga

Meginmunurinn á kjarasamningunum annars vegar og þessari svokölluðu B-leið hins vegar felst í þeirri verðbólgu sem fylgja mundi í kjölfarið. Samkvæmt kjarasamningunum er verðbólga frá upphafi til loka næsta árs áætluð 0,8% en yrði 2% samkvæmt B-leiðinni. Þarna munar um 1,2% á verðbólguþinginu, eða meira en helmingi, sem hefði aftur komið fram í meiri hækkun lánskjaravísitalunnar. Hækkun eingreiðslna og launabóta myndi enn fremur koma fram í launavísitalu Hagstofnunnar, sem einnig myndi hækka lánskjaravísitaluna. Samkvæmt kjarasamningunum má ætla að lánskjaravísitalan hækki um 0,7% frá upphafi til loka næsta árs, en myndi hækka um 1,3% samkvæmt B-leiðinni, eða sem nemur 0,5% meiri hækkun. Slíkt myndi að sjálfsögðu auka greiðslubyrði lána sem því nemur.

Vísitöluspá frá des. 1993 til des. 1994

	Kjarasamningur	B-leið	Mismunur
Framfærsluvísitala	0,8%	2,0%	1,2%
Lánskjaravísitala	0,7%	1,3%	0,5%

B-leiðin – bara fyrir suma

Ef B-leiðin hefði verið valin, sem ekki kom til álita, hefði hún aðeins náð til þeirra sem falla beint undir samningssvið ASÍ í samskiptum við atvinnurekendur, að hækkuun persónuafsláttarins og niðurgreiðslum fráöldum. Því hefðu hvorki þeir atvinnulausu né elli- og örorkulífeyrisþegar fengið neina kjarabót samkvæmt þessari leið án beinna samninga við stjórnvöld, en það varð samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. nóvember s.l. að rúmast innan þeirra 600 milljóna króna sem hún var reidubúin að leggja fram, yrði þessi leið farin.

Það var mat samninganefndar ASÍ s.l.

vor að lækkun virðisaukaskatts af matvællum úr 24,5% í 14% væri nokkuð varanleg aðgerð. Stjórnmalamenn myndu fara afskaplega varlega í það að hækka skattinn aftur þar sem lækkunin er liður í kjarasamningum.

Hefði B-leiðin orðið varanleg? Hér eru þrjú atriði sem hafa verður í huga:

Í fyrsta lagi eru launabætur samkvæmt kjarasamningum ekki fastar og því verður að endursemja um þær í hvert sinn sem sest er að samningaborði. Atvinnurekendur höfnuðu því að festa þessar bætur í samningum líkt og gildir um desember- og orlofsuppbætur. Þegar samningar renna út í árslok 1994 yrði verkalýðshreyfingin því aftur að taka upp samninga um þetta svokallaða ígildi matarskattsins.

Í öðru lagi hefur persónuafsláttur verið skertur verulega frá því að staðgreiðsla skatta var tekin upp, en skattleysismörk ættu með réttu að vera um 75 þús. kr. í dag ef staðið hefði verið við þau fyrirheit sem gefin voru. Stór hluti þessarar skerðingar hefur komið fram með því að láta persónuafslátt ekki hækka í takt við verðlag. Þannig er t.d. ekki gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár að persónuafsláttur hækki um áramót vegna verðbólgu á seinni hluta þessa árs. Ef upphaflegum lögum um staðgreiðsluskatt hefði verið fylgt hefði persónuafsláttur hækkað um rúm 2%

um næstu áramót, en það jafngildir um 480 króna hækkun.

Í þriðja lagi bauð ríkisstjórnin að halda niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum á svipuðu stigi og nú er. Hins vegar hafa niðurgreiðslur verið skertar verulega á síðustu árum, bæði með því að hagræðing í landbúnaði hefur ekki skilað sér til neytenda í formi verðlækkana heldur sem sparnaður hjá ríkinu og einnig hafa niðurgreiðslur ekki fylgt almennu verðlagi. Jafnframt liggur fyrir í núverandi búvörusamningi að niðurgreiðslur lækki að krónutölu á næstu árum.

B-leiðin hefði því einungis verið tímabundin aðgerð í samanburði við það að lækka vsk. af matvælum formlega úr 24,5% í 14%.

Fullyrt er...

Bifreiðagjöld eru „skítaskattur“

ASÍ tekur undir þetta sjónarmið en það var núverandi utanríkisráðherra sem tók þennan „skítaskatt“ upp fyrir nokkrum árum. Bæði nú og einnig s.l. haust krafðist ASÍ þess að þessum skatti yrði breytt þannig að um skatt af raunverulegu verðmæti yrði að ræða, en það var ríkisstjórnin ekki tilbúinn að ræða. Því verður að eigna ríkisstjórninni þennan „skítaskatt“ áfram.

Fullyrt er...

B-leiðin hefði tryggt stöðu þeirra tekjulægstu betur

Kaupmáttur lágtekjufólks hefði lækkað um 0,8% á næsta ári samkvæmt B-leiðinni, en hækkar um 0,9-1,4% samkvæmt kjarasamningi ASÍ. Því til viðbótar hefðu hvorki þeir atvinnulausu né elli- og örorkulífeyrisþegar fengið neina kjarabót skv. B-leiðinni.

Fullyrt er...

Nýtt þrep í vsk. mun stóruka skattsvik

Alþingi samþykkti í desember 1993 vegna fjárlaga fyrir árið 1993 að taka upp 14% þrep í virðisaukaskatti. Undir þetta þrep flokkast hitaveitur, dagblöð, bækur, ferðaþjónusta o.fl. Ábyrgðin af tveimur skattþrepum í virðisaukaskattkerfinu liggur því hjá Alþingi. Samkvæmt yfirlýsinguum háttsettra embættismanna hjá skattkerfinu, ríkisendurskoðun og stjórnkerfinu er framkvæmd skattkerfisins í algjörum molum. 15 mia. kr. skattakröfur hafa verið afskrifaðar frá árinu 1988 og talið er að um 11 mia. kr. sé stolið undan skatti á ári hverju. Hvenær ætlar löggjafarvaldið að taka til hendinni og krefjast þess að framkvæmdavaldið standi þannig að framkvæmd skattkerfisins að viðunandi sé?

Fullyrt er...

B-leiðin hefði verið varanleg kjarabót

Nei. Í fyrsta lagi eru launabætur samkvæmt kjarasamningi ekki fastar og því verður að endursemja þær í hvert sinn sem sest er að samningaborði. Atvinnurekendur hafa ávallt hafnað því að festa þessar greiðslur í samningi. Í öðru lagi hefur persónuafsláttur verið skertur verulega á síðustu árum og engar líkur á því að stjórnmalamenn hafi horfið af þeirri braut. Þannig ættu skattleysismörk nú að vera u.p.b. 75 þús. kr. á mánuði ef staðið hefði verið við þau fyrirheit sem gefin voru þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp. Í þriðja lagi hafa niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum einnig verið skertar verulega á síðustu árum.

Fullyrt er...

Brýnustu lífsnaudsýnjar eru þegar niðurgreiddar og munu því ekki lækka

Í dag er kjöt niðurgreitt þannig að það jafngildir því að skrokkar í heilu og hálfu væru í 14% vsk.-stigi. Fram til 1. júní s.l. var aðeins nýmjólk niðurgreidd með þessum hætti. Hins vegar eru allar vinnsluvörur, svo sem kótleittur og lærissneiðar, aðeins niðurgreiddar sem nemur því að virðisaukaskattur á þessum vörum væri frá 18% og allt að 22%. Því mun upptaka förmlegs 14% þreps í vsk. lækka verð á fjölmörgum kjötvinnsluörum um 3-5% um næstu áramót.

Fullyrt er...

Köld svið voru með söluskatti en heit svið án söluskatts

Audvitað var framkvæmd söluskattkerfisins alveg dæmalaus endaleysa á sínum tíma. Endaleysur Alþingis eiga það til að endurtaka sig. Í dag er lambakjöt í heilum og hálfum skrokkum með 14% vsk. Ef þetta sama kjöt er sagað niður í sneiðar þá leggst t.d. á kótleittur 18-19% vsk. Þessu verður að breyta, það hafa ekki allir ráð á því að kaupa heila og hálfra skrokka!

Fullyrt er...

Tekjustofn ríkissjóðs skertur, sem veikir grundvöll velferðakerfisins

Þetta er ekki rétt, því ríkissjóður aflar þessara tekna með öðrum hætti.

Fullyrt er...

Ríkissjóður hefði varið umtalsverðum fjármunum til þess að hækka skattleysismörk og persónuafslátt í leið B

Staðreyndin er að ríkisstjórnin bauð ASÍ að leggja 600 millj. kr. til þessarar aðgerðar, sem hefði dugað til þess að hækka persónuafslátt um 300 kr. á mánuði. Það voru öll ósköpin!

Fullyrt er...

Verkalýðshreyfingin er að veikja velferðarkerfið

Þetta segir formaður Alþýðuflokksins, sem var reiðubúinn að skerða bætur bæði atvinnulausra og elli- og örorkulífeyrisþega verulega. Og þegar það gekk ekki vegna andstöðu ASÍ, taldi formaðurinn rétt að velja B-leiðina sem hefði skilið þetta fólk eftir úti í kuldanum.

Fullyrt er...

B-leiðin hefði skilað launafólki um 2.000 kr. á mánuði

Hið rétta er að atvinnurekendur buðu hækkun á desemberuppbót og breytingar á útfærslu láglaunauppbótar sem hefði skilað, að teknu tilliti til 300 kr. hækkunar á persónuafslætti, um 789 kr. á mánuði hjá því fólk sem hefur tekjur sem eru undir 85

þús. kr. á mánuði. Þeir sem eru með tekjur yfir þessum mörkum hefðu fengið um 398 kr. hækkun á mánuði. Þá er eftir að taka tillit til þess að verðbólga skv. B-leiðinni hefði orðið helmingi meiri en samkvæmt kjarasamningunum.

Fullyrt er...

Verðlækkun á matvælum skilar sér ekki til neytenda

Ef þetta væri rétt þýddi það að við Íslendingar gætum bara hækkað skatta – ekki lækkað þá aftur. Sem betur fer er þetta hins vegar ekki rétt: við höfum nýlegt dæmi um hið gagnstæða. Þegar aðstöðugjaldið var afnumið um síðustu áramót skilaði það sér að fullu í verðlagi í janúar til mars s.l. Ennfremur komu auknar niðurgreiðslur frá 1. júní 1993 að fullu fram í verðlagi. Þetta hafa ýmsar kannanir staðfest!

Fullyrt er...

Desemberuppbót hefði hækkað um 2.000 kr. samkvæmt B-leiðinni

Atvinnurekendur buðu hækkun á þeirri lágmarksupphæð sem gildir samkvæmt kjarasamningum, þ.e. úr 13.000 kr. í 15.000 kr. Þeir sem njóta hærri desemberuppbótar samkvæmt sérsamningum áttu ekki að njóta þessarar hækkunar.



Ríkisstjórnin lét samningamegn Alþýðusambandsins bíða í fjórar klukkustundir eftir svörum sínum um það hvort hún hygðist standa við forsendur kjarasamninganna. Ekki var annað fyrir verkalýðsleiðtogana en drepa tímann með einhverju móti. Björn Snæbjörnsson frá Akureyri, Hrafnkell A. Jónsson frá Eskifirði, Jón Karlsson frá Saudárkróki og Elinbjörg Magnúsdóttir frá Akranesi tóku eina rábertu: Snær Karlsson, Bóðvar Pétursson og Magnús Geirsson fylgjast með.



Benedikt Davíðsson, forseti Alþýðusambandsins og Gylfi Arnbjörnsson, hagfræðingur ASÍ líta yfir svör ríkisstjórnarinnar áður en þau voru lögð fyrir stóru samninganefnd Alþýðusambandsins föstudaginn 5. nóvember. Aðrir starfsmenn ASÍ bíða átekta.

Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands:

Skattheimta í molum!

„Fundur miðstjórnar ASÍ 10. nóvember 1993 lýsir yfir þungum áhyggjum af þeim skattsvikum sem upplýst er að viðgangist í þjóðfélaginu.


Dag eftir dag fullyrða ráðherrar og æðstu embættismenn í stjórnkerfinu í fjölmiðlum að innheimtu virðisaukaskatts sé verulega ábótavant og nú um áramót, þegar lækka á skatt af matvælum í 14%, stefni í algjört öngþveiti í innheimtu skattsins. Við þetta getur alþýða þessa lands ekki unað og krefst þess að þeir sem bera ábyrgð á framkvæmdinni, þ.e. ríkisstjórn og Alþingi, grípi nú þegar til aðgerða og sjái til þess að það nýja kerfi virðisaukaskatts sem komið var á í tíð fyrri ríkisstjórnar skili þeim árangri sem að var stefnt.

Þáverandi fjármálaráðherra, núverandi utanríkisráðherra, lýsti því þá að með þessu nýja skattkerfi

myndi skilvirkni í innheimtu skattsins aukast til muna. Þessi aukna skilvirkni átti að koma til vegna þess hversu einfalt og sjálfvirkt eftirlitið yrði. Tölur um 11 milljarða

króna undanskot frá skatti og 15 milljarða króna afskrift álagðra gjalda, sem nú er verið að upplýsa, sýna að þetta hefur ekki gengið eftir.”





ATVINNA TIL FRAMBÚÐAR



Alþýðusamband
Íslands